



# Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 26. árg.

Desember 2011



„Sjá, mérin mun  
þunguð verða  
og son ala.  
Nafn hans mun  
vera Immanúel“.  
Það þýðir:  
Guð er með oss.  
(Matt.1:23)



## Kristur kemur

Orðið aðventa er komið úr latínu og merkir koma. Það tímabil kirkjuársins sem nú er gengið í garð hlaut þetta nafn til að minna á að okkur ber að greiða götu fagnaðarerindisins hér í heimi. Hver ný kynslóð þarf að fá að heyra gleðitíðindin um björgun Guðs, sem veitt er fyrir Jesú Krist. Hver ný kynslóð þarf að heyra náðarboðskapinn um frelsarann sem forðum fæddist í Betlehem, um lausnarann sem er hinn sanni konungur mannkyns. Kristur er sá sem *er, var og koma mun* í mætti og dýrð. Ljósið sem hann ber með sér er í senn ljós sannleika og elsku. Ekkert fær dulist þessu ljósi og þess vegna fylgir því dómur, en þeim sem ganga Guði á hönd er sá dómur í senn hreinsun, blessun og björgun.

Framundan er jólahátíðin. Hún er þorri Íslendinga hjartfólgin og kær. Við eigum flest bjartar og hlýjar minningar af gleðistundum um jól í faðmi fjölskyldu og ástvina. Hjartað á bak við hlýjuna og birtuna sem gefur því öllu merkingu og kraft er sá boðskapur að algóður Guð, höfundur lífs og heims, elskar manna börn og hann vill vitja okkar og verða hluti af lífi okkar og tilveru. Öll þráum við hamingjustundir á jólum. Höfum því fyrirhyggju og stillum væntingum í hof. Spyrjum ekki: „Hvað fæ ég út úr jólunum“. Spyrjum frekar spurninga eins og: „Hverjum og

hvernig ætla ég að leitast við að vera gleði-gjafi á komandi hátíð“?

Boðskapur trúarinnar á að hjálpa okkur að ná réttum áttum um hvað það er sem varðar mestu og síðan að leggja þann rétta grundvöll sem þarf til þess að hátíðin góða verði í sannleika gleðirík og björt.

Nú sem fyrir segir lausnarinn góði, Drottinn dýrðarinnar, við hvern þann sem eyru hefur til að heyra: „**Sjá, ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með bonum og bann með mér**“ (Op. 3:20). Megi and svar okkar allra vera líkt og í adventusálminum góða:

*Ó, kom minn Jesús, kom sem fyrst,  
ó, kom og mér í brjósti gist,  
ó, kom þú, segir sála mín,  
ó, seg við mig: Ég kem til þín.* (Helgi Hálfánarson. Sálmbók 59.8)

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni heilnæma adventu og gleðirík jól.

**Gunlaugur Gardarsson,  
sóknarprestur**




# Neyð og óréttlæti kalla á aðgerðir

Óháð og sjálfstætt vinnur Hjálparstarf kirkjunnar í þágu þeirra sem líða fátækt og óréttlæti – utanlands og innan. Að hjálpa til sjálfshjálpar og tala máli fátækra og undirokaðra er alltaf verkefni dagsins. Að draga fram kjör þeirra sem eiga sér ekki málsvara og ýta á aðgerðir sem breyta lífsmöguleikum þeirra, er markmið okkar. Þrúgandi neyð í sinni margslungnu mynd, heima og heiman, blasir við okkur. Með aðgerðum okkar viljum við mæta bæði þorpsbúanum á þurrkasvæðum Eþíópíu eða þeim sem hefur misst fótanna á Íslandi. Við vinnum MEÐ skjólstæðingum að lausn mála þeirra. Við virkjum þá til að ná árangri – með stuðningi okkar. Og hver erum við? Hvorki fugl né fiskur án framlaga almennings, fyrirtækja og stjórnvalda sem gera okkur kleift að nýta sérþekkingu okkar til árangurs á viðkvæmu og sérhæfðu sviði. Með þeim stuðningi – erum við farvegur þinn til árangursríkra verkefna. Þú getur lesið meira um starfið á heimasíðunni okkar [www.help.is](http://www.help.is).

## Jólaaðstoð á Íslandi

Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst í inneignarkortum í matvöruverslanir en ekki matarpokum eins og áður. Nú geta þeir sem í brýnni þörf eru og fá



aðstoð, valið í matinn sjálfir. Á höfuðborgarsvæðinu einskorðast aðstoðin við barnafjölskyldur en utan höfuðborgarsvæðisins taka prestar og félagsráðgjafar á stofnunum hins vegar við umsóknnum frá öllum, enda ekki öðrum hjálparstofnunum þar til að dreifa.

## Jólasöfnun

Nú nálgast jólin og við viljum öll undirbúa þau vel svo þau verði gleðirík og friðsæl. Að veita hjálparhönd og léttu undir með öðrum er líka orðinn sjálf-sagður hluti af jólaundirbúningnum hjá mörgum. Að taka þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar sem rennur til neyðarhjálpur í Austur-Afríku þar sem hungursneyð geisar er liður í að færa þeim hjálparhönd sem verst eru staddir. Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að því að tryggja fæðu og hreint vatn og bjarga

þannig mannlífum. Börnin ganga fyrir og fá næringu og læknaaðstoð.

Þú getur bjargað mannlífum með því að greiða valgreiðslu í heimabanka. Einnig er hægt að hringja í styrktarnúmer 907 2003 (2.500 kr.), gefa framlag á [framlag.is](http://framlag.is) eða leggja inn á söfn-unarreikning: 0334-26-50886 kt. 450670-0499. Þitt framlag skiptir sannarlega máli, mannlíf eru í húfi.

*Bjarni Gíslason,  
fræðslu- og upplýsingafultrúi  
Hjálparstarfs kirkjunnar*

## Jólasamvera eldri borgara

Í ár verður jólasamvera eldri borgara föstudaginn 16. desember kl. 15. Niels Árni Lund, skrifstofustjóri verður gestur samverunnar. Hann er mikilvirkur gamanvísnaðsöngvari og hefur gefið út geisladisk með eigin textum við þekkt lög. Einnig hefur hann gefið út bókina „*Af heimaslóðum*“ sem segir frá lífi fólksins á Melrakkaslétu auk þess sem hann vinnur að annarri bók um sama svæði.



*Niels Árni Lund.*

Niels Árni mun flytja jólahugvekkju auk þess sem hann mun taka lagið og flytja okkur einhvern skemmtilegan fróðleik.

## Á Aðventu

Dagurinn stytst óðum og skammdegið ræður ríkjum. Hátíð ljós og friðar er skammt undan. Aðventan er hafin. Margir farnir að lýsa upp og skreyta híbýli sín með jólaljósum. Það er tilhlökkun í loftinu, jólaundirbúningur er að fara í fullan gang. Jólágjafainnkaupin eru sjálfsgagt byrjuð hjá mörgum og margir að reyna að uppfylla óskir.

En hversvegna allt þetta umstang? Það eru ekki allir sem hafa ráð á dýrum gjöfum eða geta leyft sér einhvern munad um hátíðarnar. Gleytum ekki okkar minnsta bróður, og því miður eru margir sem eiga erfitt, ýmist vegna einsemdar, hafa misst nákominn ástvin eða hafa lítil fjárráð. Við verðum oft meyr og viðkvæmari um jólahátíðina, söknum og hugsum til ástvina sem eru farnir. Verðum meira einmana ef við eigum engan að og meira vonleysi þegar fjárráð eru lítil. Það er ósk mín að við öll hugsum vel um hvert annað. Það

þarf oft ekki mikið til að gleðja einhvern. Litum til með þeim sem eru einmana og réttum þeim sem eru þurfi hjálparhönd. Jólin eru hátíð kærleikans, ljóss og friðar. Þá gefst okkur tækifæri til að sýna kærleik í verki.

Hugsum um það sem aðventan á að færa okkur og njótum hennar. Hún er undirbúningur fyrir jólahátíðina þar sem við minnumst fæðingu Frelsarans, ljósi heimsins. Tökum á móti ljósinu. Í því felst von, birta og gleði. Hlutverk kirkjunnar er að beina sjónum okkar að ljósinu, hinu góða og bjarta.

Starfið í Glerárkirkju er mikið og gott og þangað eru alltaf allir velkomnir. Það er von mín, lesandi góður, að þú finnst þann frið sem kirkjan getur boðið þér.

Megi boðskapur jólanna færa okkur öllum frið og sanna gleði

*Gunnar Sturla Gíslason,  
formaður sóknarnefndar*

## Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá sendir lesendum safnaðarblaðsins innilegar jóla og nýárskveðjur, með hjartans þökk fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða. Árið hefur verið félaginu gott og margar dugmiklar hendur komið til liðs við okkur. Við erum svo lánsamar að eiga það sem marga vantar í okkar þjóðfélagi um þessar mundir, en það er traust. Félagið er aðili að Kvennasambandi Eyfirskra kvenna, og einnig Kvenfélagasambandi Íslands og allt okkar starf miðar að því að geta á einhvern hátt orðið öðrum að liði og látið gott af okkur leiða.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemina, eru velkomnir í fundarsal á neðri hæð Glerárkirkju öll fimmtudagskvöld. Einnig er félagið á heimasíðu kirkjunnar og að sjálfsögðu á Facebook. Þá er velkomið að hafa samband við formann Baldursbrár, Snjólaugu Aðalsteinsdóttir í síma 462-1509.



# Jóla kortasýning

Á aðventu 2011 er jóla kortasýning í anddyri Glerárkirkju. Þar eru til sýnis kort úr tveimur einkasöfnum, annars vegar úr safni Gerðar Pálsdóttur, húsmæðrakennara, sem í dag er búsett á Hrafnagili og hins vegar úr safni Björns Guðmundssonar (1919-2011). Aðeins brotabrot af söfnunum eru til sýnis í kirkjunni og er hér með komið á fram-



færi þakklæti til Gerðar annars vegar og fjölskyldu Björns hins vegar fyrir að lána kort til sýningarinnar.

Starfsmenn Íslandspósts á Akureyri voru svo vinsamlegir að þeir lánuðu einnig nokkra muni á sýninguna, póstvog, gamla póstberatösku og gamlan póstkassa. Þá hefur verið komið fyrir í kirkjunni nokkrum veggspjöldum með fróðleiksmolum um tilurð jóla korta og sögu póstsendinga. Þar segir meðal annars:

*Sagan segir að í desember 1843 bafi einn af málsmetandi íbúum Lundúnaborgar, Sir Henry Cole, verið kominn í þær vandræðalegu aðstæður að sjá fram á að ná ekki að senda jólakveðju til viðskiptavina sinna. Hann bafi því fengið*

*John Callcott Horsley til að banna jóla kort eftir sinni hugmynd. Búin voru til 1000 eintök af kortinu, þau voru prentuð og bandmáluð af manni sem vann við þá iðn og hét Mason. Í frambaldinu voru búin til fleiri kort og seld á 1 skilling stykkið sem verk listamannsins Felix Summerly, en það var listamannsnafn Henry Cole. [...] Þess má geta að Sir Henry Cole var stofnandi Victoria og Albert safnsins, sem er í dag eitt virtasta listasafn í heimi.*

Sýningin stendur yfir til og með 8. janúar og er opin almenningi fyrir og eftir auglýstar helgiathafnir í kirkjunni. **Hópar geta einnig pantað leiðsögn um sýninguna í síma 464 8800.**

## Kór Glerárkirkju

Kórstarfið hófst af fullum krafti í byrjun september að loknu stuttu sumarfrí. Byrjað var á æfingum fyrir Minningar-tónleika Sissu sem haldnir voru í Menn-ingarhúsinu Hofi í október og kórinn tók þátt í. Að þeim loknum tóku við æfingar fyrir Styrktartónleika Aflsins í Akureyrarkirkju og er þetta annað árið í röð sem við tókum þátt í þeim.

Árlega eru hjá kórnum tvær æfingahelgar. Sú fyrri á þessu ári var í byrjun nóvember og hún aðallega notuð til æfinga á „Kryningarmessu“ Mozarts, sem er eitt verkefna kórsins í utanlandsferð sem farin verður í júní á næsta ári. Ferðinni er heitið til Vínar í Austurríki og verkefnið er þátttaka í kóra-keppni sem kennd er við Franz Schubert. Í þessari keppni taka þátt kórar af öllu tagi allstaðar að úr heiminum. Nú æfir kórinn fyrir jólatónleika sem að þessu sinni eru í samvinnu við Kór eldri borgara á Akureyri og verða þann 18. desember kl. 16.00.

Kórinn þarf líka að undirbúa sig fyrir jólahátíðina í kirkjunni sem er stór þáttur í starfinu og að sama skapi ánægjulegur. Allur kórinn mun að venju syngja á aðventukvöldi í kirkjunnar þann 4. desember, við aftansöng á aðfangadag og í hátíðarguðsþjónustu á jóladag. Messuhópar skipta svo með sér

söng við athafnir annan í jólum, gamlársgang og við hátíðarguðsþjónustu á nýársdag.

Á þessari upptalningu má sjá að kór-félagar verja miklum tíma í kirkjunni á þessum árstíma og þakka ber fjölskyldum þeirra fyrir þolinmæðina og skilninginn sem þeir sýna þessu starfi.

Hópur kórfélaga vinnur nú að skemmtilegu verkefni til fjáröflunar utanlandsferðar. Góð kona í kórnum fékk þá snjöllu hugmynd að fara af stað með sönghópa í anda „Carol singers“ og eru kórfélagar af því tilefni á fullu að æfa prógram sem samanstendur af þekktum jólalögum. Auk kórfélaga taka

þátt í þessu verkefni tveir krakkar sem fengnir voru að láni til að fullkomna myndina. Þessir hópar eru tilbúnir til að mæta á hinar ýmsu jóla-skemmtanir og taka lagið gegn vægu gjaldi. Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka velvilja Leikfélags Akureyrar, sem lánaði okkur búninga fyrir verkefnið.

*Kveðja frá kórfélögum og stjórnanda Kórs Glerárkirkju, með ósk um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.*



### Leikhópur fyrir helgileik á II. Jóladegi

Börnum úr öðrum til sjöunda bekk grunnskóla er boðið að taka þátt í leikhópi sem æfir fyrir helgileik sem fluttur verður á öðrum jóladegi í fjölskylduguðsþjónustu kl. 13:00.

Æfingar verða á eftirtöldum dögum:

Mánudag 5. desember kl. 15:00 – skráning og hópeflisleikir

Mánudag 2. desember kl. 15:00 – skipt í hlutverk og fyrstu æfingar

Mánudag 12. desember kl. 17:00 – búningamátun og saumaskapur með foreldrum!

Mánudag 19. desember kl. 15:00 – 17:00 – æfingar


Þriðjudag 20. desember kl. 15:00 – 17:00 – æfingar

Miðvikudag 21. desember kl. 15:00 – 17:00 – aukæfing ef þarf

2. dagur jóla, 26. desember. Mæting í Glerárkirkju kl. 11:30. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00

Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin djákni í síma 864 8451.

# Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum



## Sunnudagur 4. desember

- ★ **Messa og barnastarf kl. 11.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safn- aðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots.
- ★ **Aðventukvöld kl. 20.** Ljósathöfn og mikill söngur. Kórar Glerárkirkju syngja, Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni flytur hugvekjú.

## Sunnudagur 11. desember

- ★ **Messa og barnastarf kl. 11.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safn- aðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots.

## Föstudagur 16. desember - Ath. breytta tímasetningu

- ★ **Jólasamvera eldri borgara kl. 15.** Niels Árni Lund, skrifstofustjóri er gestur samverunnar og verður með fróðleik og skemmtun eins og honum einum er lagið.

## Sunnudagur 18. desember

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.** Sr. Arna Ýrr Sigurðar- dóttir leiðir stundina ásamt Pétri Björgvin Þorsteinssyni. Barna- og æskulýðskórar kirkjunnar leiða söng, auk þeirra koma fram Suzuki nemendur frá Tónlistarskóla Akureyrar og Marimbaveit Giljaskóla. Að guðsþjónustu lokinni er gengið í kringum jólatréð í safnaðarheimili kirkjunnar.
- ★ **Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 16.** Stjórnandi er Valmar Völjaots. Auk kórsins kemur fram Kór eldri borgara. Aðgangur er ókeypis.

## 24. desember - Aðfangadagur jóla

- Blásarasveit tekur á móti kirkjugestum fyrir aftansöng.
- ★ **Aftansöngur kl. 18.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti er Valmar Völjaots.
  - ★ **Miðnæturmessa kl. 23.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, þjóna. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja og leiða almennan söng. Organisti er Valmar Völjaots.

## 25. desember - Jóladaður

- ★ **Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots.

## 26. desember - Annar dagur jóla

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13** (Ath. tímasetningu) Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, þjóna. Helgileikur. Barna- og æskulýðskórar Glerárkirkju syngja.

## 31. desember - Gamlársdagur

- Aftansöngur kl. 18. Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar.
- ★ Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja undir stjórn Valmars Völjaots.

## 1. janúar 2012 - Nýársdagur

- ★ **Hátíðarmessa kl. 14.** Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, predikar. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar fyrir altari. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja undir stjórn Valmars Völjaots.

## 8. janúar 2012

- ★ **Messa kl. 11.** Jólin kvödd. Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða söng. Barnastarf í safnaðarheimili. Sameiginlegt upphaf í messu. Allir velkomnir.

Kyrðar- og fyrirbænastund í Glerárkirkju miðvikudaga kl. 12:00.  
Léttur hádegisverður á vægu verði á eftir í safnaðarsalnum. – Allir velkomnir.

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: [arna@glerarkirkja.is](mailto:arna@glerarkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

## Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju), 462 2491 (heima) og 864 8453 (gsm). Netfang: [sverrir@glerarkirkja.is](mailto:sverrir@glerarkirkja.is) Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 849 2949 (gsm). Netfang: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is) Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir, gsm 847 9025 og Jón Oddgeir Guðmundsson, gsm 894 4301. Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440. Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

Glerárkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) – [glerarkirkja@glerarkirkja.is](mailto:glerarkirkja@glerarkirkja.is)

